

### **Hugleiðing Sigurðar Guðmundssonar:**

Mitt hlutverk hér er að velta fyrir mér hvaða mál sem tengjast heilbrigði og fjölskyldum ættu að vera efst á baugi nú um stundir. Öll heilbrigðismál tengjast fjölskyldunni, hún þjáist þegar einn úr fjölskyldunni er veikur. Við verðum því að stikla á stóru.

Margt gott gert, almennt heilsufar er gott hér, langlífi mikið, berklatíðni lág, o.s.frv. Bólusetningum er vel sinnt. Umhverfið er sæmilega öruggt og ég held að þekking almennings á helstu þáttum sem ógna heilsu sé góð. Annað mál er hvernig við nýtum þá þekkingu, enn reykja um 20% fullorðinna, erfitt að brúa bilið milli þekkingar og breytni.

Einhvern veginn kemur samband móður og barns upp í hugann þegar fjallað er um gildi sem snúa öðru fremur að fjölskyldum.

Ár hvert helgar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin einn dag á ári málefni sem skiptir verulegu máli fyrir lýðheilsu þjóða. Fyrir fáeinum árum voru málefni fjölskyldunnar eins og þau endurspeglast í heilsu og velferð mæðra og barna sett í öndvegi, “*make every mother and child count*” og á móðurmálinu var þetta útlagt: “*sérhver móðir – sérhvert barn*”.

Maður gæti spurt sig, hvers eiga feður þessa heims að gjalda, þeir eru ekki kallaðir til sögunnar. Ég held nú ekki að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi hér gerst sek um kvenrembu, heldur hafa menn horft til þessa sérstaka sambands sem ríkir milli móður og barns, sem kannski eru helg vé, ég veit það ekki. Tengslin hafa hins vegar úrslitabýðingu fyrir velferð barna eins og fátt sem vegur þyngra. Margir góðir menn hafa velt þessu sambandi fyrir sér og skáldin okkar hafa e.t.v. gert það best.

Það var Snorri Hjartarson sem sagði í Kvæði:

*“Ég hjúfra mig í hálsakoti móður,  
þar hló ég barn, þar er ég sæll og góður”.*

Kannski hefur enginn lýst móðurástinni á jafn dramatískan og áhrifamikinn hátt og Jónas Hallgrímsson í kvæði sínu Móðurást:

*“Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel,  
í fjallinu dunar, en komið er él”*

Svo heldur hann áfram:

*“Hver er hin grátna sem gengur um hjarn,  
götunnar leitar, og sofandi barn  
hylur í faðmi og frostinu ver,  
fögur í tárur, en mátturinn þverr –  
hún orkar ei áfram að halda.”*

Og síðan líður nóttin, og áfram heldur Jónas:

*“Svo, þegar dagur úr dökkvanum rís,  
dauð er hún fundin á kolbláum ís;”*

og svo í næstu vísu:

*“Því að hann lifir og brosir og býr  
þjargandi móður í skjólinu hlýr  
reifaður klæðnaði brúðar – sem þjó  
barninu værdur, og lágt undir snjó  
fölnuð í frostinu sefur.”*

Erfitt að gera þetta betur, en þetta á víst ekki að vera ljóðakvöld.

Nú er það svo að á ári hverju deyr hálf milljón mæðra í tengslum við barnsburð og 11 milljónir barna á fyrstu fimm árum lífs síns. Hér á landi búum við sem betur fer ekki við þennan vanda.

Ungbarna- og mæðradauði er hvergi lægri en hér, og aldrei þessu vant er svona heimsmeistarafullyrðing sönn. Þetta má þakka almennri velferð í landinu, eins og margt annað sem lýtur að heilsu þjóðarinnar, en einnig er alveg ljóst að hið mikla starf sem unnið hefur verið hér á sviði mæðra- og ungbarnaverndar á hér stóran hlut að máli. Við höfum því staðið okkur vel í að tryggja heilsu mæðra og barna. Nefna má til viðbótar að bólusetningar og slysavarnir hafa verið árangursríkar hér án þess að ástæða sé til að sofna á verðinum.

Hvað er það þá hér á landi sem þarf að hlúa að?

Við þurfum að efla fjölskylduna og þau lífsgildi sem hún táknar þannig að unnt sé að sinna börnum af alúð. Sú krafa er sérstaklega skýr nú um stundir í miðri efnahagskreppu, sem mun leggjast þungt á fjölskyldur, foreldra og börn. Áfram þarf að feta þá braut sem lögð hefur verið á liðinni öld til að tryggja velferðarkerfi sem byggir á jöfnuði í þjóðfélaginu í formi heilbrigðis-, mennta- og félagskerfis. Við þurfum að innræta ungu fólki þessi gildi, gera því ljósa þá ábyrgð sem fylgir því koma barni í heiminn, þannig að sem flest börn sem á þessu landi fæðast séu bæði velborin og velkomin.

Hvar kreppir þá skórinn að? Nefna verður fátækt í íslensku samfélagi, sem er sérstakt áhyggjuefni nú í kreppu. Mýmargar rannsóknir benda til áhrifa bágs efnahagsástands og atvinnuleysis á heilsufar. Þúsundir barna í okkar þjóðfélagi eiga nú atvinnulausa foreldra, annað eða bæði. Upplýsingar eru um að bág þjóðfélagsstaða foreldra hafi slæm áhrif á heilsu barna hér. Nefna verður vanda einstæðra foreldra, innflytjenda og foreldra sem eiga við langvinna sjúkdóma eða örorku að stríða. Það má nefna lyfjafíkn, börn með hegðunarvanda, athyglisbrest og ofvirkni, og loks vaxandi tíðni offitu og ofþyngdar. Við getum heldur ekki vikið okkur undan þeim fregnum að nærfellt fimmtungur íslenskra barna hafi orðið fyrir kynferðislegu áreitni. Við heyrum um að kirkjunnar menn, þar sem helst ætti vera skjóls að vænta, hafi lagst á börn og ungt fólk, við heyrum af ofbeldi gagnvart börnum á uppeldisstofnunum ríkisins, þangað sem þau voru að sögn flutt til að bjarga þeim frá illum aðbúnaði heima fyrir. Ef þetta var svona, erum við nokkuð viss um að ekki leynist enn mannvonska af þessu tagi? Hvað er að í okkar samfélagi? Hvað er söguþjóðin glæsta og gáfaða að hugsa? Fegurð fjallkonunnar fölnar hratt við svona fréttir.

Vandamálin eru víða, og vissulega ekki bundin við Ísland, víða er ástand mála mun verra, ekki síst í löndum hins svonefnda þriðja heims. Getum veri stolt af þeim árangri sem náðst hefur.

Spurningin sem mig langar til að skilja eftir er þó í þessa veru sem ég hef nefnt. Hvernig erum við að bregðast við áhrifum efnahagskreppunnar á heilsu og velferð fólks, fjölskyldna, ekki síst barna. Samstarfshópur fólks í heilbrigðisþjónustu og við Háskóla Íslands fylgist nú með ýmsum heilsufarsáhrifum kreppunnar, og mun halda því áfarm og birta niðurstöður. En erum við að læra nóg af þessu, eigum við sem háskóli að standa fyrir fleiri rannsóknum og þá hverjum?